

Nd.

337. Frumvarp til laga

[201. mál]

um kjarabætur aldraðra.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

1. gr.

Markmið laga þessara er að bæta efnaleg kjör aldraðra, styðja sjálfsbjargarvilja þeirra og draga úr tekjumismun á efri árum fólks.

2. gr.

Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á lagt, 60 þús. kr., ef hann er einhleypur, en a. m. k. 90 þús. kr., ef hann á maka á lífi.

3. gr.

Nú nýtur kvæntur eða giftur lífeyrisþegi, sem orðinn er 70 ára, ekki annars lífeyris en eftir almannatryggingalögum og hefur litlar eða engar vinnutekjur, og skal hann þá taka lífeyri, sem svarar til fulls hjónalífeyris, þótt maki hafi ekki náð 67 ára aldri, enda hafi maki ekki vinnutekjur að marki.

Drátt fyrir ákvæði 21. gr. almannatryggingalaga um skiptingu á viðbótarlífeyr-
isgreiðslum (upphótum) milli sveitarfélaga og Tryggingastofnunar ríkisins, er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða viðbótarlífeyri, er nemur fullum ellilífeyri einstaklings, hjónum, sem orðin eru 70 ára, hafa ekki vinnutekjur að marki og eru ekki félagar í lífeyrissjóði.

Heimilt er, að ákvæði þessarar greinar nái til fólks, sem lengi hefur búið saman sem hjón væru.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ákvæða samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Ákvæði laga þessara skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1972.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flm. þessa frv. hafa á undanförnum árum flutt frv. til laga um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem ekki er í lífeyrissjóði. Fjallar 2. gr. þessa frv. um það efni, og er því enn um endurflutning málsins að ræða að þessu leyti.

Um markmið laganna segir svo í 1. gr. frv., að þeim sé ætlað að bæta efnaleg kjör aldraðra, styðja sjálfsbjargarvilja þeirra og draga úr tekjumismun á efri árum fólks.

Í 2. gr. felst það, að öldruðu fólki, sem nýtur ekki lífeyrissjóðsréttinda, er íviln-
að í sköttum og útsvörum eftir sjötugt. Meginröksemdin er sú, að þessu fólki yrði þá auðveldara að leggja fyrir til síðustu æviára sinna nokkurt sparifé, sem yrði því ómetanleg stoð og til öryggis afkomu þess, þegar starfsævi hlýtur óhjákvæmilega að ljúka, þótt annars endist líf og heilsa, auk þess sem slík ívilnun er fullkomlega sanngjörn með tilliti til hinnar miklu rýrnunar peningagildis á undanförnum árum, sem hvað harðast kemur niður á öldruðu fólki, sem leitast hefur við að spara til elliáranna. Ef ákvæði 2. gr. yrði lögfest, er á virkan hátt komið til móts við sjálfsbjargarvilja aldraðs fólks, aðallega þess hluta aldraðra, sem vinnur enn fyrir sér á almennum vinnumarkaði og hefur því talsverðar vinnutekjur og þarf að vinna vegna þess, að það hefur annars ekki af öðru að lifa en naumum ellilífeyri almannatrygginga. Ekki mun þetta ákvæði hafa neina úrslitabýðingu fyrir tekjumöguleika hins opinbera, því að hvort tveggja er, að ekki er hægt og varla sæmandi að reisa verulega tekjuvon á skattlagningu gamalmenna, og slíkur stuðningur við sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu dregur úr þörfinni á beinni opinberri aðstoð við aldrað fólk. Hér er því í rauninni um að ræða sérstakt form félagslegra aðgerða í þágu aldraðra og má skoða í því ljósi.

Í 3. gr. frv. er m. a. nýmæli, sem hefur ekki verið rætt áður opinberlega, að því er flm. bezt víta. Er þar gert ráð fyrir því, að lífeyrisþegi, sem tekur lífeyri samkv. almannatryggingalögum, orðinn er 70 ára og hefur litla sem enga vinnu né heldur maki hans, skuli fá sem svarar fullum hjónalífeyri, enda þótt makinn hafi ekki náð 67 ára aldri. Hér er það öðru fremur haft í huga, að venjulega er eiginmaðurinn „fyrirvinna“ heimilis og margar eiginkonur vinna ekki utan heimilis, enda oft svo, að þær eiga þess ekki kost eða telja sig ekki færar um það. Ef miseldri er með hjónum, einkum ef það er á þann veginn, að „fyrirvinnan“ er að mun eldri, þá reynist oft svo, að heimilistekjurnar verða ekki aðrar en ellilífeyrir hans, einstaklingslífeyrir, samkv. almannatryggingalögum. Er svo ástatt um fjölda fólks

í landinu, að það hefur ekki úr öðru að spila en þessum afar naumu tekjum. Það merkir, að mánaðarlaun hjónanna eru þá kr. 4900.00, og er augljóst, að af því einu verður ekki lifað eðlilegu lífi. Á meðan ekki er leitað annarra úrræða, t. a. m. þeirra, að allir landsmenn séu í lífeyrissjóði, yrði það veruleg kjarabót fyrir það fólk, sem hér um ræðir, að fá fullan hjónalífeyri, sem er kr. 8820.00 á mánuði. Þetta er vel framkvæmanlegt og ber að gera sem lágmarksviðleitni af hálfu þjóðfélagsins til þess að draga úr því ægilega tekjumisræmi, sem ríkir milli aldraðs fólks eftir því, hvort það hefur átt þess kost að gerast félagar í lífeyrissjóði eða ekki.

Þá er það nýmæli í 3. gr. frv., að Tryggingastofnun ríkisins sé heimilt að greiða úr sjóði sínum verulegan viðbótarlífeyri öldruðum hjónum, sem eru ekki í lífeyrissjóði, og kæmi í því tilviki ekki til nein skipting milli sveitarfélags og ríkisins um uppbót á lífeyrinn, svo sem gert er ráð fyrir í 21. gr. almannatryggingalaga, né heldur ráðslag og reiptog milli sveitaryfirvalda og ríkisins um uppbætur. 21. gr. almannatryggingalaga er, að skoðun flm., varla í samræmi við nútíma-hugsunarhátt, heldur lyktar hún öll af gamla sveitarstyrkjafyrirkomulaginu og ölmusugjöfum til fátækra. Framkvæmd hennar hlýtur að leiða af sér sálarlausa skriffinnsku hjá hinu opinbera og hreina niðurlægingu fyrir aldrað fólk, sem neyðist til þess að leita kjarabóta á þessum grundvelli.

Flm. gera sér fulla grein fyrir því, að framkvæmd þessara hugmynda kann að vera einhverjum vanda bundin, en varla meiri en mörg önnur lagaframkvæmd á sviði tryggingamála. Við gerum ráð fyrir því, að ráðherra setji reglur um framkvæmd ákvæða 3. gr., enda verður svo að vera. Rétt þótti okkur, að heimilt væri að láta ákvæði 3. gr. ná til fólks, sem lengi hefur búið saman sem hjón væru.